



# Fréttabréf

Október 2008 - 1. tölublað - 11. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

## Færanleg smáhýsi fyrir utangarðsfólk

Eins og talsvert hefur verið greint frá í fjölmiðlum að undanförunu hafa Félagsbústaðir hf. unnið að hönnun og smíði færanlegra smáhýsa fyrir utangarðsfólk. Nokkuð er síðan fyrsta húsið var byggt en nú hafa borgaryfirvöld ákveðið að byggð verði 3 slík hús til viðbótar og er smíði þeirra nýlokið.



Búið er að útvega tímabundna aðstöðu fyrir smáhýsin á hafnarsvæðinu við Granda og fyrstu húsin hafa þegar verið flutt þangað á vörubíl og í lögreglufylgd. Gert er ráð fyrir að öll húsin fjögur verði komin í notkun fyrir lok október.

Félagsbústaðir hf. hafa í samvinnu við arkitekta og verktaka unnið að þessu verkefni í u.þ.b. 2 ár frá því að hugmyndin

fæddist. Fyrirmyndin er norræn en hönnun og bygging sérsniðin að íslenskum aðstæðum, en húsinu er ætlað að vera afar slitsterkt, innan sem utan. Húsin eru 25 m<sup>2</sup> að stærð, auðfæranleg með kranabíl og vega um 6,5 tonn.

ASK-arkitektar teiknuðu húsið, en allir samstarfsaðilar og verktakar eiga mikið hrós skilið fyrir útsjónarsemi og samstarfsvilja við verkefnið.



Smáhýsið híft af kranabíl og á undirstöður



Smáhýsin fjögur komin á sinn stað á Fiskislóð.

Þrátt fyrir „gámalegt“ útlit eru hýsin vel einangruð og vönduð smíði með öryggisgler í gluggum.

Sökum litríkra útihurða þá hefur vinnuheitið á húsalengjunni verið

„Regnbogatröð“

# Framkvæmdir 2008

Að venju eru fastir kostnaðarliðir umfangsmiklir í framkvæmda-áætlun þessa árs. Framkvæmdagjöld húsfélaga vega þar þungt sem og kostnaður við íbúaskipti og margs konar ófyrirséð viðhald.

Helstu einstöku verkefni eru lokun svala og klæðning á gafli húss að Unufelli 44-46, umfangsmiklar endurbætur innanhúss að Norðurbrún 1 og þakjárn endurnýjað á Kleppsvegi 66-76. Á Skúlagötu 64-66 er verið að endurgera íbúðir frá grunni ásamt endurnýjun allra stofnlagna í húsinu og undir því. Haldið verður áfram með þá húsalengju á næsta ári.

Njálsgata 65 og Írabakki 2-16 voru máluð að utan og fjölmörg önnur

skipulögð viðhaldsverkefni eru á dagskrá á árinu. Heildarkostnaður vegna viðhalds á árinu 2008 er tæpar 550 milljónir.



Íbúðir endurgerðar á Skúlagötu 64-66

## Endurbætur í Norðurbrún

**FRAMKVÆMDIR** Fyrsta áfanga af umfangsmiklum endurbótum og breytingum að Norðurbrún 1 er nú lokið. Afgreiðslurými og starfsmannaaðstaða hefur verið endurskipulögð og stórbætt. Búið er að endurnýja brunaviðvörðun- og neyðarhnappakerfi.

Allar þessar framkvæmdir hafa verið unnar í nánú samstarfi við starfsfólk að Norðurbrún 1 og það er skoðun Félagsbústaða hf. að vel hafi tekist til með þennan fyrsta áfanga og vonandi verður hægt að halda áfram með endurbæturnar strax á næsta ári.



Norðurbrún 1 – miklar endurbætur á húsi með þjónustuíbúðir aldraðra

## Símatímar Félagsbústaða

**Þjónustudeild** - kl. 9:00- 10:00

í síma 520-1500 alla virka daga.

**Innheimtustjóri** – kl.11:00-12:00

í síma 520-1500 alla virka daga.

**Bilanatilkynningar** – kl.13:00-15:00

í síma 557-9664 alla virka daga.

## Svalalokun í Unufelli

**FRAMKVÆMDIR** Nú er nýlokið umfangsmiklum framkvæmdum að Unufelli 44-46. Settar voru svalalokanir á allar svalir og garðskýli á jarðhæð. Jafnframt var endurnýjuð einangrun og klæðning á gafli hússins en gamla klæðningin var löngu orðin úr sér gengin og ónýtt.



Allar svalir voru málaðar að innan, bæði timbur og steinn, sem og á jarðhæðum garðmegin. Negling á þaki var yfirfarin, niðurföll og girðingar bílastæðamegin voru endurnýjaðar og ýmislegt fleira lagfært. Útlit hússins garðmegin er gjörbreytt eftir þessar framkvæmdir og stefnt er að því að á næsta ári fái framhlið hússins viðunandi andlitslyftingu.



Útgefandi:  FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.

Sími:520-1500 - Fax:520-1516

Upplag: 2300 eintök

Ábyrgðarmaður: Sigurður Kr. Friðriksson

[www.felagsbustadir.is](http://www.felagsbustadir.is)